# EFTIRLITSSKÝRSLA

UMHVERFISSTOFNUN

**Skeljungur Grindavík**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Dags eftirlits** | 23.10.2015 | **Fulltrúi UST** | Gottskálk Friðgeirsson | |
| **Fyrirtæki** | Skeljungur | **Fulltrúi UST** | | |
| **Heimili** | Borgartún 26 | **Tegund eftirlits** | Reglubundið | |
| **Kennitala** | 5902691749 | **Flokkur** | Olía | |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Steinar Guðnason | **ÍSAT nr.** | 51.51.0 | |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | | **Staðsetning** | 331175,074 | 375060,032 |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust við eftirlit. Tvær athugasemdir voru gerðar við olíubirgðastöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Við komuna í Grindavík var sest yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skrá skal viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, magn og gerð móttekinnar úrgangsolíu, magn og gerð spilliefna og einnig skal skrá mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim. Engin skráningarblöð fundust fyrir ágúst og september og því er ljóst að herða má á skráningum.

Olíuleifar í frárennsli stöðvarinnar hefur verið prófað með Macherey-Nagel olíuprófi og greindist ekki olía í frárennslinu. Loki í frárennsli mengunarvarnaþróar stóð lokaður. Olíuskiljuna hefur verið þjónustuð á árinu.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Þær mælingar og prófanir sem krafist er í stöðinni hafa allar verið framkvæmdar.

Girðing og hlið voru í góðu lagi.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja.

## ATHUGASEMDIR

1. Herða þarf á skráningum vegna eftirlits í stöðinni.
2. Einnig þarf að bæta á birgðir af ísogsefnum í stöðvarhúsi. Ísogsefnin eru notuð ef upp kemur olíuleki.

Reykjavík, 19.11.2015

Gottskálk Friðgeirsson

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.